

Níundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 12. september 2024 klukkan 17:00.

Mætt eru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þróstur Aðalbjarnarson og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Laugargerði

Eignir sveitarfélagsins í Laugargerði ræddar, ástand þeirra og viðhaldsþörf.

Samþykkt einróma að setja á sölu eignir sveitarfélagsins í Laugargerði, að undanskildum tveimur íbúðarhúsum og lóðum þar í kring.

Oddvita falið að vinna málið áfram.

2. Sameiningarmál

Sameiningarmál rædd og staða viðræðna í kjölfar þeirrar vinnu sem að lagt var í á vormánuðum í samtali fimm sveitarfélaga á Snæfellsnesi og í Dölum. Innviðaráðuneytið fylgist með gangi mála í sameiningarviðræðum hjá sveitarfélaginu vegna íbúafjölda Eyja- og Miklaholtshrepps.

Sveitarstjórn telur brýnt að halda áfram þreifingum í sameiningarviðræðum við nágrannasveitarfélög.

3. Reglur sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um stuðningsþjónustu

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. Umsagnarbeiðni frá embætti Sýslumannsins á Vesturlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II í Hrossholti.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við rekstrarleyfið með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra umsagnaraðila.

Oddvita falið að svara erindinu.

5. Fundargerð stjórnar Sorpurðunar Vesturlands, dagsett 29. apríl 2024

Lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð stjórnar Sorpurðunar Vesturlands, dagsett 25. júní 2024

Lögð fram til kynningar.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:50.

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign

Herdís Þórðardóttir – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Þröstur Aðalbjarnarson – sign

Sigurbjörg Ottesen – sign